

Menningar- og viðskiptaráðuneyti

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis**
Sendandi: **Menningar- og viðskiptaráðuneyti**
Dagsetning: **02.05.2023**
Málsnúmer: **MVF23010186**
Bréfalykill: **00.07.03**

Efni: Umsögn menningar- og viðskiptaráðuneytis við erindi Myndstefs til allsherjar- og menntamálanefndar vegna myndlistarstefnu.

Við er til erindis Myndstefs til allsherjar- og menntamálanefndar vegna 690. máls – myndlistarstefna til 2030.

Í þingsályktun 40/143 um ráðstafanir gegn málverkafölsunum, 16. maí 2014 – þskj. 1242, sem Myndstef vísar til, segir: „Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að setja á laggirnar starfshóp skipaðan fulltrúum Listasafns Íslands, Myndstefs, Bandalags íslenskra listamanna, Sambands íslenskra myndlistarmanna, embættis sérstaks saksóknara, sem fer með efnahagsbrot, og mennta- og menningarmálaráðuneytis sem geri tillögur að ráðstöfunum gegn málverkafölsunum og skilgreiningu á ábyrgð hins opinbera í lögum gagnvart varðveislunni þessa hluta menningararfsins. Þá fái hið opinbera frumkvæðisskyldu til að rannsaka og eftir atvikum kæra málverkafalsanir“.

Starfshópurinn var skipaður en lauk störfum án þess að skila umræddum tillögum, m.a. vegna mannabreytinga. Áður en starfshópurinn tók til starfa hafði þáverandi menntamálaráðherra, skipað annan starfshóp árið 2014 til að fjalla um þann vanda sem stafar af listaverkafölsunum og viðbrögð við honum. Var hópnum falið að „láta ráðherra í té greinargerð um áhrif falsana á íslenska myndlist, höfundarétt og menningararf, sem og um hagræn áhrif listaverkafalsana á myndlistarmarkaðinn“ og skyldi hann enn fremur gera tillögur um leiðir til að sporna við listaverkafölsun. Hópurinn skilaði tillögum sínum 23. júní 2005. Í þeim var bent á ýmsar ráðstafanir sem beita mætti til að gera listaverkafölsurum erfiðara um vik að selja falsverk. Taldi hópurinn vænlegast í því skyni að efla rannsóknir á íslenski listasögu ásamt því að skrásetja upplýsingar um listaverk og eigendasögu þeirra. Þá benti hópurinn á að yfirvöld hefðu ekki neytt allra þeirra úrræða, sem tiltæk væru í lögum, til að fást við listaverkafalsara. Athygli var vakin á því að fölsun listaverks, gerð með því að falska höfundarmerkingu þess og eigna það ranglega tilteknum listamanni, væri brot gegn sámdarrétti þess listamanns sem varinn væri í höfundalögum, nr. 73/1972. „Stóra málverkafölsunarmálið“ var hvorki rannsakað né sótt með tilliti til höfundalaga, enda þótt 3. tölul. 2. mgr. 54. gr. þeirra laga heimili það, og hvorki var gerð krafa um að falsverkin yrðu gerð upptæk eða falsaðar höfundarmerkingar afmáðar enda þótt það hefði verið unnt samkvæmt höfundalögum. Voru því myndverkin, sem ákært var fyrir, fengin eigendum aftur að málinu loknu.

Því er ljóst að fyrir hendi eru heimildir í höfundalögum sem gætu komið í veg fyrir að fölsuð verk komist aftur í umferð sem hlýtur að vera meginatriði við meðferð mála um málverkafalsanir. Þá var hópurinn ekki sammála um að falsanir í „stóra fölsunarmálinu“ hefðu afgerandi áhrif á listasögu Íslands, sbr. umfjöllun í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Þau úrræði sem eftir standa væru að efla þekkingu á hugverkaréttindum innan lögreglunnar og embætti saksóknara og að tiltækur væri mannaflí til að sinna þeim málum. Í ljósi þess að til eru úrræði í höfundalögum sem gætu varnað því að fölsuð málverk séu áfram í umferð eftir að dómur hefur fallið um að þau séu fölsuð, sbr. ákvæði 3. tölul. 2. mgr. 54. gr. og 1. mgr. 55. gr. höfundalaga nr. 73/1972 telur ráðuneytið að ekki þurfi að aðhafast frekar að svo stöddu.

Í tillögu til þingsályktunar um myndlistarstefnu til 2030 segir í meginmarkmiði 1. staflíð b. að „áhugi

á myndlist, safnastarfi og höfundavernd verði aukinn með kynningarstarfi innan skóla og í fjölmiðlum,“ í meginmarkmiði 3, staflíð d. að „ákvæði höfundalaga sem varða myndlist verði rýnd í þeim tilgangi að skýra betur sérstöðu myndlistar innan höfundaréttar; til staðar verði fræðsla um samninga og höfundarétt til að tryggja skilning á hvernig höfundalög eiga að tryggja fjárhagslegan grundvöll myndlistarhöfunda sem annarra höfunda,“ Til stendur að hefja vinnu við gerð höfundarréttarstefnu innan skamms í menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Í tillögu til þingsályktunar um myndlistarstefnu til 2030 er einnig fjallað um rannsóknir á nokkrum stöðum. Í meginmarkmiði 2. staflíð b. að „viðurkennd söfn leiti til Listasafns Íslands eftir faglegri aðstoð enda hafi safnið forystu í söfnun listaverka, verndun og miðlun menningararfs, rannsóknum, þróun, kynningu og miðlun íslenskrar myndlistar,“ og e. að „samstarf og samtal stofnana og aðila í rannsóknum innan myndlistarsviðsins verði eftt með virkri upplýsingagjöf, tengslaneti og viðburðum í tengslum við rannsóknir; samstarf og samtal verði eftt á milli listasafna, háskólasamfélags, myndlistarmanna, nemenda og annars fagfólks,“ Þá fjalla aðgerð 4 Aukið samstarf um rannsóknir og aðgerð 5 Greining á stöðu Listasafns Íslands báðar m.a. um rannsóknir á sviði myndlistar.